

Ed.

209. Frumvarp til laga

[123. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi Miðhúsa í Egilsstaðahreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Halldóri Sigurðssyni ábúanda hluta úr landi Miðhúsa í Egilsstaðahreppi fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð.

Frumvarp þetta er flutt samkv. beiðni frá landbúnaðarráðuneytinu, dags. 13. jan. 1964. Bréfi ráðuneytisins fylgdi afrit af bréfi frá Skógrækt ríkisins, dags. 7. janúar, svo hljóðandi:

„Með bréfi þessu vildi ég fara þess á leit við hið háa ráðuneyti, að það hlutaðist til um, að Skógrækt ríkisins verði leyft að selja hluta úr landi Miðhúsa í Egilsstaðahreppi núverandi ábúanda, Halldóri Sigurðssyni.

Skógrækt ríkisins keypti 11/12 hluta jarðarinnar 16/5 1957. Kaupverð var kr. 91666.00 Var það vegna skógarins, sem er um 80 hektarar að stærð og er að breiðast út, að jörðin var keypt.

Jörðin liggur milli veganna frá Egilsstöðum að Eiðum og til Seyðisfjarðar og að Eyvindará að landi Dalhúsa. Skógurinn er allur í fjallshlíðinni, en neðan hennar er flatt land með smáholtum og mýrasundum, sem hefur enga þýðingu fyrir Skógrækt ríkisins. Tún er lítið á jörðinni, og þar er gamalt íbúðarhús, sem er næsta einskis virði.

Skógrækt ríkisins vill gjarnan selja hluta af landinu neðan hliða, en halda skóginum eftir og nokkru landi næst brekkunum. Ábúandinn hefur tjáð sig fúsan til að greiða kr. 75000.00 fyrir þennan jarðarhluta. Stærð hans hefur ekki verið ákveðin enn, en ég mun skýra nánar frá því, þegar landið hefur verið mælt, sem væntanlega verður innan skamms.

Með virðingu,

Hákon Bjarnason.“